


Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 11. júlí 2011  
Tilvísun: UST20110500204/ksj

## Tillaga að breytingu á aðalskiplagi Fjallabyggðar 2008-2028 vegna heitavatnsborholu (SK-1) og nýrrar hitaveitulagnar í Skarðsdal að þéttbýlinu í Siglufirði.


Vísað er til erindis bæjarstjóra Fjallabyggðar dags. 23. maí 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu aðalskipulags Fjallabyggðar vegna heitavatnsborholu (SK-1), samkvæmt 7. gr. laga um umhverfismat áætlan nr. 105/2006. Breytingatillaga á aðalskipulagi Fjallabyggðar snýr að heitavatnsborholu staðsettri í Skarðsdal og hitaveitulögn sem liggja mun frá borholunni að stjórnhusi/heitavatnstanki fyrir ofan þéttbýlið í Siglufirði. Núverandi borhola er frá Skútudal en dregið hefur úr afköstum hennar og er orsókin rakin til jarðgangnanna á milli Skútudals og Héðinsfjarðar.

Umhverfisskýrsla er fylgir erindinu byggir á samantekt RARIK vegna mats á umhverfissáhrifum þar sem helstu umhverfispættir voru; gróðurfar, fuglalíf, veitur, fornleifar og ásýnd lands. Niðurstaða matsins var að breytingin muni ekki hafa teljandi áhrif á neinn af þessum umhverfispáttum, nema jákvæð áhrif á þáttinn veitur. Lífsgræði íbúa á svæðinu muni aukast til muna þar sem aðgengi að heitu vatni hefur skerst. Til þess að ásýnd lands breytist sem minnst verður fyrirhuguð lína lögð við hlíð þeirrar línu sem fyrir er. Helstu sjónrænu áhrif og rask á gróðurfari eru talin verða á framkvæmda- og uppgræðslutíma. Fyllt verður í skurði og þeir felldir að landi auk þess sem notast verður við svarðlag til uppgræðslu. Ekki er gert ráð fyrir vöktunaráætlun.

Áður hafa verið boraðar hitastigulsholur á árunum 1988 og 1990 og síðan vinnsluhola SK-1 niður á 702 m dýpi sem sker öflugar vatnsæðar með rúlega 70°C heitu vatni. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu árið 2010 að framkvæmdin við vinnsluholu væri ekki matsskyld. Til þess að nýta jarðvarmann úr SK-1 þarf að reisa dæluhús (borholuhús), gasskilju og stjórnhus, en einnig leggja hitaveitulögn og háspennustreng frá núverandi borholu/gasskilju að stjórnstöðinni fyrir ofan þéttbýlið á Siglufirði. Fyrirhuguð borhola er í ca. 150 metrum yfir sjávarmáli og hvorki borhola né lagnir falla inn á náttúruverndarsvæði nr. 423 sem er fjallendið á milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar og takmarkast við 200 metra yfir sjávarmáli. Breytingin nær til Skarðsdals, hlíðar fjallsins Snóks, niðurundir snjóflóðavarnargarðinn Stóra-Bola og upp fyrir þéttbýlið í Siglufirði.

## Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við breytingar á aðalskipulagi Fjallabyggðar vegna heitavatnsborholu SK-1 og nýrrar hitaveitulagnar í Skarðsdal að þéttbýlinu í Siglufirði, nema hvað varðar lagningu hitaveitulagnar eftir miðri Snókshlíð. Umhverfisstofnun bendir á að leggja megi hitaveitulögn að stærri hluta í þegar raskað svæði, þ.e. í eða við beitarhólf og meðfram vegi. Ef áætlanir takast um slikt verða sjónræn áhrif ekki veruleg. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allur frágangur verði þannig að sem minnst breyting verði á ásýnd lands eftir að framkvæmdar- og uppgræðslutíma er lokið.

Virðingarfyllst  
  
Hjalti J Guðmundsson  
Sviðsstjóri

  
Áóalbjörg Birna Guttormsdóttir

Skipulagsstofnun